

**Stjórn Sorpu bs.  
Alfreð Þorsteinsson formaður  
Gufunesi  
112 Reykjavík**

Reykjavík, 7. september 2004.

**Efni: Útboð Sorpu vegna gámaþjónustu á endurvinnslustöðvum.**

Nýlegt útboð Sorpu bs. vegna gámaþjónustu á þremur endurvinnslustöðvum hefur vakið athygli Verslunarráðs Íslands. Meðal þátttakenda í útboðinu voru einkafyrirtæki með mikla og langa reynslu á viðkomandi sviði og hafa jafnvel sérhæft sig í umræddri þjónustu. Auk einkafyrirtækjanna tók þátt í útboðinu Vélamiðstöðin ehf., fyrirtæki í eigu Reykjavíkurborgar sem aldrei hefur haft með slíkan rekstur að gera. Vélamiðstöðin reyndist jafnframt eiga lágsta tilboð í stærsta hluta verksins. Þá stendur yfir athugun á því hvort frávíkstilboð Vélamiðstöðvar í heildarverkið geti talist gilt þar sem það vikur frá almennum reglum um frávíkstilboð í útboðum. Þessi samkeppni borgarfyrirtækisins við einkafyrirtæki hefur sætt gagnrýni.

Forsvarsmenn Vélamiðstöðvar hafa sett fram í fjölmiðlum það sjónarmið að fyrirtækið sé í engu ólíkt þeim einkafyrirtækjum sem starfa á sama vettvangi. Skilið hafi verið á milli sjálfs fyrirtækisins og borgarinnar í fjárhagslegu tilliti og því sé eðlilegt að fyrirtækið keppi við einkafyrirtæki um verkefni. Verslunarráð telur þennan skilning á eðli opinberra fyrirtækja óraunhæfan. Fyrirtækið er í eigu borgarinnar og Orkuveitunnar og hefur notið góðs af þeirri eignaraðild með margvíslegum hætti, einkum við uppbyggingu þess með hundruð milljóna króna í heimanmund. Fyrirtækið leigir Reykjavíkurborg, Orkuveitunni og ýmsum borgarfyrirtækjum út bifreiðar og tæki og vinnur verk fyrir hundruð milljóna króna á ári án nokkurra útboða. Þá er stjórn fyrirtækisins skipuð m.a. borgarverkfræðingi Reykjavíkur og forstjóra Orkuveitunnar.

Þegar af þessum ástæðum er fyrirtækið langt í frá sambærilegt einkafyrirtækjum.

Verslunarráð telur eðlilegt að byggðasamlag sem Sorpa, sem og aðrar stofnanir bæjarfélaga, leitist við að skipta við einkafyrirtæki sé þess nokkur kostur og efla þannig atvinnulíf á Íslandi. Ráðið telur það gagnrýnivert ef niðurstaða úr áðurnefndu útboði verður sú að Sorpa

bs., sem er að verulegu leyti í eigu Reykjavíkurborgar, geri þjónustusamning við fyrirtæki sem einnig er í eigu Reykjavíkurborgar og sniðgangi þannig einkafyrirtæki sem mörg hver hafa mikla reynslu og sérþekkingu á umræddu sviði. Að mati Verslunarráðs má telja það vafasama stjórnslu að taka tilboði eða frávíkstilboði eins og því sem Vélamiðstöðin setti fram En óháð því hvort það standist strangt til tekið laganna bókstaf þá telur ráðið, með vísan til þess sem áður segir, það ekki vera Sorpu bs. sæmandi að hugleiða þann kost. Verslunarráð hvetur því Sorpu bs. til að beina viðskiptum sínum til þeirra einkaaðila sem bjóða þjónustu sína hverju sinni.

Verslunarráð hvetur að öðru leyti borgaryfirvöld til að hverfa frá rekstri Vélamiðstöðvarinnar sem fyrst og mun koma því sjónarmiði á framfæri við viðeigandi aðila.

Virðingarfyllt,  
f.h. Verslunarráðs Íslands,

Sigríður Á. Andersen.

**Samrit sent:** Borgarstjórn Reykjavíkurborgar.